

## Hagnýt ráð í hegðunarmótun - leikskóli -

Mikilvægt er að deildarstjóri beri ábyrgð á þeim aðferðum sem reyndar eru hverju sinni og meti árangur útfrá fyrirfram ákveðnum markmiðum með viðeigandi skráningum og mælingum. Þó svo að ein aðferð virki ekki er afar mikilvægt að prófa aðrar leiðir og meta árangur. Öll þessi atriði gagnast börnum til þess að bæta hegðun og félagsfærni. Listinn er ekki tæmandi.

Nauðsynlegt er að leikskólakennarar kortleggi veik- og styrkleika barns, ræði áhyggjur sínar við foreldra og fái upplýsingar frá þeim. Skoða þarf hvar gengur vel og hvar gengur ekki eins vel, hvar vandi barns kemur helst fram og hvaða úrræði verða reynd í leikskólanum. Ef sami vandi er til staðar heima er mikilvægt að leikskólakennari styðji foreldra til að finna aðferðir sem gætu gagnast á heimili.

Áriðandi er að sem flest neðangreindra úrræða séu reynd í allt að 4-6 vikur áður en tilvísun er send til sérfræðiþjónustu. Hægt er að leita til kennsluráðgjafa við nánari útfærslu þessara atriði.

✓	Hvað þarf að gera?	Hvernig gekk?
	Umhverfi er skýrt þannig að barn viti hvar það á að vera og hvers sé ætlast til af því hverju sinni.	
	Skipulag er einstaklingsmiðað með sjónrænum/myndrænum vísbendum, fá atriði í senn.	
	Fáar og skýrar myndrænar reglur eru um æskilega hegðun.	
	Fyrirmæli eru skýr og einföld, munnleg og myndræn.	
	Stutt er við reglur og rétta hegðun með félagshæfnisögum.	
	Starfsmaður er alltaf nálægur og minnir á rétta hegðun.	
	Rétt hegðun er kennd með hlutverkaleikjum þar sem ákveðin færni er æfð t.d. taka saman, skiptast á, bíða eftir að röðin komi að barni, stoppa sig o.fl.	

✓	Hvað þarf að gera?	Hvernig gekk?
	Áhugasvið barns er nýtt í verkefnum, leik og félagshæfnisögum.	
	Deild er skipt í mismunandi svæði bundið verkefnum og leik.	
	Verkefni eru afmörkuð t.d. lítið af kubbum, perlum í einu.	
	Skipt er í fámenna barnahópa í leik, samveru, hvíld, fataherbergi o.fl.	
	Barn á fast sæti t.d. við matarborð og í samverustund.	
	Barn hefur kost á hvíld eða pásu.	
	Lýsandi hrós er notað markvisst til að styðja æskilega hegðun.	
	Annað sem hefur verið reynt:	